

Athugasemd við útrvarpsviðtal

Frá Þorsteini Sæmundssyni:

FIMMTUDAGINN 15. maí birti Ríkisútrvarpið viðtal sem Finnþogi Hermannsson átti við áhugamann um himinskoðun. Viðtalið var tekið á Ísafirði og var sagt í kynningu að viðmælandinn fylgdist með öllum loftsjónum fyrir svæðisútrvarp Vestfjarða. Finnþogi innti hann fréttu af væntanlegum myrkvum á tungli og sól. Í svörum viðmælandans gætti sums staðar misskilnings. Um tunglmyrkvann, sem var aðfaranótt 16. maí, sagði hann til dæmis að tungl væri að minnka á sínum kvartilaskiptum, þannig að ekki sæist fullt tungl í þessum myrkva eins og stundum gerðist. Þarna fór eitthvað milli mála, því að eins og flestir vita getur tunglmyrkvi ekki orðið nema tungl sé fullt. Þá virtist viðmælandinn bjartsýnn á að Ísafirðingar gætu séð almyrkvann ef þeir færu upp á Breiðadalsheiði eða upp í Kinnina. Hafi einhverjir gert það og veður verið hagstætt, er líklegt að þeir hafi séð byrjun myrkvans, sem sást ágætlega annars staðar á landinu. Hins vegar er fremur ósennilegt að þeir hafi getað greint tunglið eftir að það var almyrkvað, því að þá var skammt til sólarupprásar og himinninn orðinn hjartur. Jafnvel í Reykjavík þar sem skilyrðin voru ívið betri (tungl hærra á lofti og sól lengra undir sjóndeildarhring) reyndist þetta erfitt. Mér er aðeins kunnugt um tvo menn sem sáu tunglið almyrkvað, og þá aðeins í fá-

ar mínútur í byrjun almyrkvans. Annar var í útjaðri Reykjavíkur, hinn á Snæfellsnesi. Báðir notuðu þeir sjónauka.

Í útrvarpsviðtalinu 15. maí var einnig rætt um sólmyrkvann sem væntanlegur er að morgni 31. maí og voru hlustendur fræddir um ýmislegt sem varðar þann myrkva. Þótt þess væri ekki getið, virtust upplýsingarnar fengnar af vefsíðu Almanaks Háskólans (www.almanak.hi.is). Eitt atriði hafði viðmælandi Finnþoga þó misskilið. Á vefsíðunni er mynd af Íslandskorti þar sem dregin er lína frá suðaustri til norðvesturs yfir landið. Línan skiptir landinu nokkurn veginn í helminga. Viðmælandinn túlkaði þetta þannig að menn þyrftu að vera norðan línunnar til að sjá myrkvann, því að hann sæist ekki sunnan hennar. Hið rétta er að hringmyrkvinn sést alls staðar á landinu, svo framarlega sem fjöll skyggja ekki á, en til þess að sjá fyrstu merki myrkvans, þegar tunglið fer inn fyrir sólröndina, verða menn helst að vera norðan umræddrar línu. Í því sambandi skiptir hæð athugunarstaðar nokkru máli.

Loks sagði viðmælandinn að myrkvinn sæist í háaustri eða suðaustri en það er ekki rétt; sól verður í norðaustri meðan hringmyrkvinn varir, enda klukkan nálægt 4 að morgni.

ÞORSTEINN SÆMUNDSSON,
Raunvísindastofnun Háskólans